

Reykjavík, 4. janúar 2022

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra Íslands

Ágæta Katrín einu sinni voru tveir danskir landkönnuðir, Knudt Rasmusen og Peter Freuchen, á ferð um Grænlandsjökul og voru orðnir matarlitlir. Það sem bjargaði þeim var að undir lokin rákust þeir á innfædda sem héldu þeim veislu þar sem boðið var upp á rotna rostungshreifa og annað góðgæti. Samkvæmt hefð urðu félagarnir tveir að bjóða Grænlandingunum til baka daginn eftir en þeir áttu ekkert matar utan rommbúðing blandaðan í vatni. Þegar Grænlandingarnir brögðuðu á búðingnum urðu þeir foxillir og sögðu þeir hafi haldið að þeir væru að borða mat, en þeir voru það ekki.

Katrín ég var í skónum Grænlandinganna þegar ég las bréf þitt frá 30. desember 2021. Ég hélt að ég væri að lesa stuðningsyfirlýsingu frá þér, en ég var það ekki. Það er engan stuðning að finna í því bréfi, alls engan. Í símtali okkar barstu fyrir þig skoðanir lögfræðinga ráðuneytisins sem gerðu ríkisstjórninni erfitt um vik að styðja okkur, sem er furðulegt vegna þess að við vorum ekki að fara þess á leit við ríkisstjórnina að hafa áhrif á ákvörðun Persónuverndar í krafti valds síns, heldur einungis að tjá skoðun á ákvörðun Persónuverndar. Það er rétt hjá lögfræðingunum að það hefði ekki verið í samræmi við lög ef ríkisstjórnin hefði reynt að hafa áhrif á ákvörðunina. Það er hins vegar eitt af hlutverkum ríkisstjórnarinnar að hafa skoðanir á því hvernig stjórnkerfið virkar og tjá þær skoðanir.

Það sem við fórum fram á að ríkisstjórnin lýsti vanþóknun sinni á en hún treysti sér ekki til þess að gera er eftirfarandi:

Íslensk erfðagreining mældi mótefni gegn SARS-CoV-2 veirunni í blóði sjúklinga sem lágu inni á Landspítalanum sem var partur af stærra verkefni, sem var að kanna hversu víða veiran hefði farið í samfélaginu. Þetta var gert í umboði sóttvarnarlæknis og í samvinnu við hann til þess að hlúa að sóttvörnum í landinu. Niðurstaða könnunarinnar var sú að veiran hafði smitað tvisvar sinnum fleiri í íslensku samfélagi en greiningar höfðu gefið til kynna. Persónuvernd komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að mótefnamælingarnar hefðu á engan máta þjónað sóttvörnum heldur hefðu verið vísindarannsókn sem við hefðum gert að gamni okkar og hefðu átt að lúta lögum og reglum vísindarannsókna sem við hefðum brotið. Sem sagt Persónuvernd lítur svo á að hún sé þess umkomin að segja sóttvarnarlækni að það sem hann telji að gagnist sóttvörnum geri það ekki. Við gengum hins vegar út frá því að sóttvarnarlæknir vissi hvað hann söng eins og við gerðum við öll þau verkefni sem við unnum í tengslum við faraldurinn.

Við ætluðumst til þess að ríkisstjórnin styddi okkur meðan við leitum réttar okkar fyrir dómstólum með því að lýsa vanþóknun sinni á þessari ákvörðun Persónuverndar. Ríkisstjórnin treystir sér greinilega ekki til þess og því verðum við að láta af öllum okkar stuðningi við heilbrigðiskerfið bæði það sem snýr að sóttvörnum sem öðru. Ástæðan er sú að sá möguleiki er fyrir hendi að Persónuvernd ákveði einn daginn einhvern tímann í framtíðinni að um hafi

verið að ræða skemmtivísindi og lögbrot. Án stuðnings frá ríkisstjórn sem bað okkur að sinna sumu af þessu og hvatti okkur til annars getum við ekki tekið þá áhættu:

1. Við hættum að raðgreina veiruna. Við höfum raðgreint hana úr öllum sem hafa smitast frá upphafi. Við erum sífellt að reyna að setja raðir veirunnar í samhengi og á þann hátt sækja nýja vitneskju. Þar af leiðandi er sú hættu fyrir hendi að Persónuvernd ákveði einhvern daginn að við höfum ekki verið að þjóna smitvörnum með raðgreiningunni heldur að stunda gamnivísindi sem brjóti í bága við lög.
2. Við hættum að greina sýnin sem tekin eru innan lands sem við vorum beðin að gera rétt fyrir áramótin og við tókum að okkur með 12 klukkustunda fyrirvara. Við erum stöðugt að rýna í gögnin sem verða til við þetta og í því fellst sama hættu og við raðgreininguna sem við getum ekki tekið. Það er líka með ólíkindum að ríkisstjórnin skuli ekki hafa nýtt þessi tvö ár faraldursins til þess að sjá til þess ríkið hafi aðstöðu til þess að sinna þessu.
3. Við munum ekki sinna skimun eftir mótefnum í samfélaginu til þess að kanna raunverulega útbreiðslu veirunnar. Á þeirri skimun er mikil þörf núna vegna þess að það eru miklar líkur á því að veiran sé nú mörgum sinnum útbreiddari en greiningar gefa til kynna. Ef það reyndist rétt hefðu forsendur fyrir einangrun og sóttkví fallið.
4. Við munum hættu að raðgreina sýni í greiningarskyni fyrir Landspítalann eins og við höfum gert í um það bil sjö ár, ekki til þess að spara þær 250 milljónir sem við höfum sett í það á ári hverju heldur af því að það eru nokkrar líkur á því að Persónuvernd flokki þá vinnu sem vísindarannsókn en ekki þjónustu við heilbrigðiskerfið.

Við litum svo á að það væru forréttindi að fá að hjálpa til við sóttvarnir þangað til Persónuvernd tók þá ákvörðun að við hefðum einfaldlega verið að brjóta lög sem er ákvörðun sem ríkisstjórnin veitir nú þegjandi samþykki sitt.

Með nýjárskveðju,

Kári Stefánsson